

L Ö G**um breyting á sjómanna­lögum, nr. 35/1985.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. másl. 1. mgr. 74. gr. orðist svo: Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 1. mgr. 80. gr., skulu eigi sæta opinberri málssókn nema skipstjóri eða útgerðarmaður krefjist þess.

2. gr.

81. gr. laganna falli brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

*Steingrímur J. Sigfússon.***L Ö G****um innflutning dýra.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Merking orða er í lögum þessum sem hér segir:

Búfé: Hvers konar dýr sem haldin eru og alin í þeim tilgangi að hafa af þeim gagn og nytjar.

Búfjárræktarnefnd: Nefnd skv. 5. gr. laga um búfjárrækt, nr. 84 30. maí 1989.

Dýr: Öll lifandi landdýr, bæði hryggdýr, hryggleysingjar og lagardýr sem lifa að hluta eða öllu leyti í fersku vatni.

Einangrunarstöð: Sóttvarnaraðstaða fyrir loðdýr, fugla og fiska.

Erfðaefni: Hvers kyns efni sem geymir erfðaeiginleika dýra, svo sem fósturvísir (frjóvgað egg eða fóstur á frumstigi), egg eða sæði.

Sóttvarndýralæknir: Yfirmaður sóttvarnastöðvar þar sem dýr hafa verið flutt inn samkvæmt lögum þessum.

Sóttvarnastöð: Staður þar sem dýr og erfðaefni eru geymd meðan rannsakað er hvort þau eru haldin smitsjúkdómi.

Umsjónardýralæknir: Hver sá dýralæknir sem hefur verið skipaður til eftirlits vegna innflutnings samkvæmt lögum þessum.